

September 2022



Tryggingamál bænda

Skýrsla starfshóps



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

Tryggingamál bænda — Skýrsla starfshóps

Útgefandi:

Matvælaráðuneytið

mar@mar.is

www.mar.is

September 2022

Umbrot og textavinnsla:

Matvælaráðuneytið

©2022 Matvælaráðuneytið

ISBN

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Aðdragandi og framkvæmd verkefnisins	6
2. Núverandi mat á tryggingavernd bænda	9
3. Tillögur að úrbótum	11
3.1 Tafla 1 – Meginþættir tillagna starfshópsins	11
3.2 Tillaga A - Lágmarksbreytingar	14
3.3 Tillaga B - Endurbætur á núverandi fyrirkomulagi	15
3.4 Tillaga C - Nýtt fyrirkomulag	17
4. Viðauki I – Umfang Bjargráðasjóðs	20
4.1 Tekjur og styrkveitingar Bjargráðasjóðs 2009-2021	20
5. Viðauki II – Fyrirkomulag áfallatrygginga bænda í öðrum löndum	21
5.1 Norðurlöndin	21
5.2 Frakkland	25
5.3 Spánn	25
5.4 Evrópusambandið	26
5.5 Svíss	26
5.6 Bretland	26
5.7 Bandaríkin	27
5.8 Eyriki Karíbahafs	28
5.9 Taiwan	28
5.10 Nýja Sjáland	28
6. Fylgiskjal	34



Inngangur

Í skýrslu þessari er að finna niðurstöðu starfshóps sem starfaði frá ágúst 2021 til júní 2022 að greiningu á tryggingavernd bænda vegna óvæntra áfalla í búskap. Í skýrslunni er fjallað um aðdraganda að skipun starfshópsins, þátttakendur í honum og helstu niðurstöður vinnunnar. Hópurinn kallaði eftir sjónarmiðum þeirra sem tilnefndu í hópinn og niðurstaðan varð leggja fram þrjár tillögur til úrbóta.

Í niðurstöðunum felst meðal annars það mat váttryggingafélaganna að ekki sé líklegt að boðið verði upp á váttryggingar á almennum markaði fyrir þau verðmæti sem eru til umfjöllunar í starfshópnum og falla utan váttrygginga í núverandi fyrirkomulagi, þó það sé vissulega ekki útilokað.

Tillögurnar kalla á mismiklar aðgerðir af hálfu stjórnvalda.

- Fyrsta tillagan gerir ráð fyrir svo til óbreyttu fyrirkomulagi, en ráðist yrði í að kynna betur möguleika til nýtingar þess á markvissari hátt.
- Önnur tillagan setur fram tvo valkosti um efnislegar endurbætur (án grundvallar-breytinga) á núverandi fyrirkomulagi til að bæta tryggingavernd bænda. Jafnframt yrði eins og fyrstu tillögu ráðist í kynningu á núverandi tryggingafyrirkomulagi þannig að það nýtist bændum betur.
- Þriðja og síðasta tillagan kallar á umtalsverða greiningarvinnu á áhættum og gagngerar breytingar á því hvernig staðið er að viðbrögðum og váttryggingum gegn meiriháttar tjónum hjá bændum.

Sjá nánar í umfjöllun í kaflanum „Tillögur að úrbótum“

1. Aðdragandi og framkvæmd verkefnisins

Í 10. lið aðgerðaáætlunar þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til eflingar á landbúnaði sem kynnt var í febrúar 2021 sagði meðal annars: „Auk þess verður tryggingavernd bænda vegna óvæntra áfalla í búskap greind, kannað fyrirkomulag slíkrar tryggingaverndar í nágrannalöndum og gerðar tillögur að úrbótum.“

Á Búnaðarþingi 2021 var einnig samþykkt ályktun þar sem lagt var til að farið yrði í heildstæða endurskoðun á tryggingamálum bænda, þar með talið lögum um Bjargráðasjóð. Búnaðarþing taldi að auka þyrfti tryggingavernd bænda, fyrirsjáanleika og skilvirkni við uppgjör á tjónum í landbúnaði. Leita þyrfti samstarfs við almennu vátryggingafélögin og kanna vilja þeirra til að bjóða upp á náttúruhamfaratryggingar sem hluta af samsettri vátryggingavernd þegar landbúnaðartryggingu sleppi.

Þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákvað að skipa starfshóp til að fara yfir núverandi stöðu málsins og gera tillögur til úrbóta. Í hópnum skyldu sitja fulltrúar þeirra ráðuneyta og stofnana sem að málinu koma, þ.e. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, Náttúruhamfara-tryggingar Íslands og Bjargráðasjóðs, auk fulltrúa Bændasamtaka Íslands og Samtaka fjármálafyrirtækja.

Hópurinn var skipaður með bréfi þann 20. ágúst 2021.

Fulltrúar voru eftirtaldir:

-
- Sigurður Eypórsson af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (nú matvælaráðuneytis).

 - Sóley Ragnarsdóttir af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytis.

 - Ásta Arnbjörg Pétursdóttir af hálfu Bjargráðasjóðs.

 - Hulda Ragnheiður Árnadóttir af hálfu Náttúruhamfaratryggingar Íslands.

 - Kári Gautason af hálfu Bændasamtaka Íslands. Kári lét af störfum í hópnum í febrúar 2022 og tók þá Guðrún Vaka Steingrimsdóttir sæti hans. Guðrún lét af störfum í apríl 2022 og tók þá Vígðís Häsler sæti hennar.

 - Sigurður Óli Kolbeinsson af hálfu Samtaka fjármálafyrirtækja.

 - Jón Örvar Bjarnason hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands starfaði einnig með hópnum.

Hópurinn hélt sinn fyrsta fund 15. september en fundaði alls 12 sinnum. Allir fundirnir fóru fram á Teams. Skilað var áfangaskýrslu til ráðherra í desember 2021 og lokaskýrslu í september 2022.

Gagnaöflun fólst í því að leita upplýsinga um fyrirkomulag opinberra áfallatrygginga bænda víða um heim og fara yfir skýrslur fyrri starfshópa íslenskra stjórnvalda um efnið frá 2012 og 2016.

Fyrirkomulag sambærilegra verkefna í þeim löndum sem komið hafa til skoðunar er mjög ólíkt af stærð og umfangi og í sumum tilvikum er það ekki fyrir hendi yfirleitt. Þær upplýsingar sem fengust um fyrirkomulag í öðrum löndum voru hafðar til hliðsjónar, þó að ekki sé tekið upp með beinum hætti fyrirkomulag frá öðrum löndum.

Samantekt um gögnin sem aflað var er að finna í viðauka að viðbættum tilvísunum þar sem það á við.

Þá vann hópurinn yfirlit um tryggingaverndina eins og hún lítur út hérlendis í dag í því skyni að draga fram þá þætti þar sem henni er helst ábótavant. Hér að neðan er helstu þáttum þess lýst en yfirlitið sjálft er fylgiskjal með skýrslunni





2. Núverandi mat á tryggingavernd bænda

Í fylgiskjali 1 er að finna töflu sem starfshópurinn hefur tekið saman til að greina núverandi tryggingavernd bænda. Markmið hennar er að greina gap eða bresti. Í töflunni eru helstu hagsmunir bænda taldir upp og tryggingavernd gagnvart mismunandi hættum skoðuð. Taflan er ekki tæmandi lýsing og einhver tilvik geta verið matskennd. Þeir aðilar sem helst koma að tryggingavernd bænda eru Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ) og almennu váttryggingafélögin (Sjóvá, TM, VÍS og Vörður). Bæði NTÍ og váttryggingafélögin tryggja gegn tilteknum áhættum þar sem váttryggingaverndin er greidd með iðgjaldi. Einnig er aðkoma Bjargráðasjóðs metin, þó sjóðurinn sé ekki eiginlegt tryggingafélag, enda er sjóðurinn þýðingarmikill þáttur í að milda tiltekin áföll sem bændur geta orðið fyrir.

Í töflunni má sjá að tryggingavernd á mannvirkjum er fremur góð. Húseignir eru skyldu-tryggðar bæði gagnvart bruna og náttúruhamförum. Þær þarf þó að váttryggja sérstaklega gagnvart úrhelli, asahláku og óveðri. Gap virðist vera í tryggingavernd varðandi vatnsveitur, hitaveitur, stíflur og fallpípur í eigu bænda. Ekki er hægt að váttryggja slík mannvirki hjá NTÍ nema þau séu í meirihluta eigu ríkis eða sveitarfélags. Þó geta bændur tryggt rafstöðvarhús og ýmist lausafé þeim tengdum s.s. rafala. Einnig er tryggingavernd á lausafé (þ.m.t. vélar og tæki) almennt fremur góð, þó er líklega ekki í boði tryggingavernd fyrir vinnuvélar gangvart úrhelli og asahláku, nema mögulega hjá einstaka váttryggingafélagi. Það gap er þó ekki talið alvarlegt.

Bústofn er hægt að váttryggja hjá almennu félögunum, m.a. gegn bruna eða köfnun, og hjá NTÍ gangvart náttúruhamförum, ef frá eru talin tjón af völdum úrhellis, asahláku og óveðurs. Tjón á bústofni vegna niðurskurðar er bætt að hluta, ef hann er fyrirskipaður af stjórnvöldum, sbr. lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma. Almennt er ekki fyrir hendi tryggingavernd hér á landi eða aðrar bótagreiðslur vegna annarra dýrasjúkdóma.

Ekki er hægt að váttryggja girðingar, en Bjargráðasjóður hefur styrkt bændur vegna slíkra áfalla. Uppskeru er hægt að váttryggja að vissu marki, s.s. gegn náttúruhamförum, og Bjargráðasjóður hefur einnig veitt bændum fjárhagsaðstoð í tengslum við uppskerubrest. Ástæða er til að greina tryggingavernd bænda á uppskeru betur. Fóður og heyforða er hægt að váttryggja, t.d. gegn bruna, en tryggingavernd miðast í flestum tilvikum við að búið sé að taka hey saman og koma því fyrir í eða við hús. Sama á við um aðra uppskeru þegar hún er komin í hús. Ekki er hægt að váttryggja ræktarland en Bjargráðasjóður hefur veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns á ræktarlandi.

Í töflu í viðauka 1 er að finna yfirlit yfir tekjur og styrkveitingar Bjargráðasjóðs frá 2009-2021 þ.m.t. bæði almenn og sértæk ríkisframlög og árlegar styrkveitingar. 55% tekna á tímabilinu voru sértæk ríkisframlög. Almennt eru bæði tekjur og styrkir mjög sveiflukennd sem kemur ekki á óvart þar sem að hvort tveggja ræðst af óvæntum áföllum.



Gap er í tryggingavernd bænda varðandi nytjaskóga, en þar er hvorki um að ræða mögulega tryggingavernd né fjárhagsaðstoð frá Bjargráðsjóði. Plöntur í ylrækt er hægt að váttryggja gegn náttúruhamförum, með sambærilegum hætti og heyforða, og einnig hjá váttrygginga-félögum gegn ýmsum öðrum hættum, s.s. eldsvoða, vatnstjóni, óveðri, breytinga á hitastigi o.fl. Bændur geta hins vegar ekki váttryggt plöntur gegn sjúkdómum og þar er því greinilegt gap. Það sama á við um grænmeti í ræktun, sem hægt er að váttryggja gegn náttúruhamförum. Tryggingavernd á grænmeti gegn frosti eða þurrkum er ekki í boði og þar er því einnig gap.

Rekstrarstöðvun er almennt háð því að tilteknir hagsmunir, þ.e. fasteignir eða lausafé, séu tryggðir fyrir tilteknum áhættum, s.s. bruna eða vatni, og ef svo er og viðkomandi er líka með rekstrarstöðvunartryggingu, þá virkjast sú trygging og bætir tap vegna rekstrarstöðvunar. Tryggingavernd gegn rekstrarstöðvun er því fremur takmörkuð, þó hún sé ekki endilega lakari en í öðrum atvinnugreinum.

Í stuttu máli má því segja að gap í tryggingavernd bænda liggja einkum í heimaveitum, nytjaskögum, rekstrarstöðvun, smitsjúkdómum og plöntusjúkdómum. Einnig er tryggingavernd varðandi uppskeru, þ.m.t. grænmeti í ræktun, nokkuð ábótavant. Ekki hefur verið framkvæmdur skipulegur samanburður á því við önnur lönd en í viðauka er samantekt á þeim upplýsingum sem hópurinn aflaði erlendis frá.

3. Tillögur að úrbótum

Ákveðið var að skila niðurstöðum í formi þriggja sviðsmynda sem lagðar verða fyrir ráðherra til ákvörðunar. Fyrri tillögunar tvær, byggja á mismiklum breytingum á núverandi fyrirkomulagi og þarfnast nánari útfærslu áður en til framkvæmda kemur. Sú síðasta leggur til nýtt fyrirkomulag frá grunni sem krefst nokkuð ítarlegri útfærslu, en fram kemur í þessari skýrslu. Gert er ráð fyrir að ráðherra taki ákvörðun um hverjum verður falin frekari útfærsla. Í töflunni hér á eftir er lagt mat á þær meginbreytingar sem fylgja hverri sviðsmynd í stuttu máli en í textanum í kjölfarið er gerð nánari grein fyrir þeim. Þá kann að vera að einstaka tryggingafélög ákveði að bjóða upp tryggingar gagnvart tilteknum áhættum, s.s. þurrki, dýra- eða plöntusjúkdómum o.fl., enda er slíkt þekkt víða erlendis. Ekki er þó hægt að þvinga slíkt vöruframboð fram.

3.1 | Tafla 1 – Meginþættir tillagna starfshópsins.



	Tillaga A	Tillaga B	Tillaga C
Eignir:			
Ræktað land (Tún, skurðir, grænføður, korn, matjurtir)	Óbreytt	Styrkhæft úr Bjargráðasjóði eða gert að skyldutryggingu. Krefst frekari útfærslu verði þessi leið farin.	Skyldutrygging
Beitiland (graslendi/ríkt mólendi)	Óbreytt	Styrkhæft úr Bjargráðasjóði eða gert að skyldutryggingu. Krefst frekari útfærslu verði þessi leið farin.	Skyldutrygging
Nytjaskógar	Óbreytt	Styrkhæft úr Bjargráðasjóði eða gert að skyldutryggingu. Krefst frekari útfærslu verði þessi leið farin.	Skyldutrygging
Mannvirki (allar byggingar með brunabótamati)	Óbreytt, er nú þegar vátryggjanlegt	Óbreytt, er nú þegar vátryggjanlegt	Óbreytt, er nú þegar vátryggjanlegt
Önnur mannvirki (smávirkjanir, brýr <50m, bryggjur, girðingar o.fl.)	Óbreytt	Styrkhæft úr Bjargráðasjóði eða gert að skyldutryggingu. Krefst frekari útfærslu verði þessi leið farin.	Mögulega skyldutrygging en þarf að útfæra
Lausafé og vélar (lausamunir, vinnuvélar, tæki, fóður, heyforði)	Óbreytt, er nú þegar vátryggjanlegt	Óbreytt, er nú þegar vátryggjanlegt	Óbreytt, er nú þegar vátryggjanlegt

Rekstur/afkoma:			
Rekstrarstöðvun v. ytri atvika (t.d. Náttúruhamfara)	Óbreytt	Óbreytt	Að líkindum óbreytt.
Uppskera/ uppskeru- -brestur (kal, frost, þurrkar og óþurrkar)	Óbreytt	Styrkhæft úr Bjargráðasjóði eða gert að skyldutryggingu. Nánari útfærsla ræðst af hvor kosturinn er valinn.	Skyldutrygging
Dýrasjúkdómar (skrán- ingar- og tilkynningar- skyldir)	Óbreytt	Líklega óbreytt	Skyldutrygging
Dýrasjúkdómar sem kalla á niðurskurð bústofns	Óbreytt	Líklega óbreytt	þarf að ræða/útfæra
Plöntusjúkdómar	Óbreytt	Líklega óbreytt	Skyldutrygging
Stjórnvöld:			
Lagabreytingar	Lög um Bjargráðasjóð uppfærð til samræmis við núverandi framkvæmd	Lög um Bjargráðasjóð upp- færð, tæmandi upptalning á áhættum og greiðslur áfram í formi styrkja eða sameina NTÍ og Bjargráðasjóð og greiðslur verði í formi skyldu- tryggingar með iðgjaldi.	Kallar á endurskoðun á lagaumhverfi, útreikningi iðgjalda og iðgjaldastofna. Myndi krefjast talsverðrar vinnu við að útfæra reglu- verk og aðferðafræði við innheimtu iðgjalds
Reglugerðir	Ný reglugerð um Bjarg- ráðasjóð	Ný reglugerð um Bjargráða- sjóð eða heildstæð reglugerð fyrir sameinaða stofnun NTÍ og Bjargráðasjóðs	Umtalsverðar breytingar
Áhrif á stjórnsýslu/ráðu- neyti/stofnanir/Bændu- samtök	Ráðast þarf í fræðsluáttak um váttryggingar bænda, þannig að áhætta dreifist betur á váttryggingafélög og NTÍ. Iðgjöld myndu þannig aukast á móti aukinni váttryggingavernd. Útfæra þarf hver ber ábyrgð á verkefninu og hver ber kostnað af því. Áhrif á stofnanir fyrst og fremst meiri umsýsla vegna bættrar stjórnsýslu.	Hugmyndin felst í því að ann- að hvort verði fjölgað áhætt- um og tegundum eigna sem njóta váttryggingaverndar hjá NTÍ, með skyldutryggingu sem krefjist greiðslu iðgjalds frá bændum eða skýrari afmörkun hlutverks Bjarg- ráðasjóðs.	Talsverðar breytingar

Fjárhagsleg áhrif:			
Áhrif á bændur			
Aukin tryggingavitund dregur úr áhættu sem bændur bera nú sjálfir.			
	Lítill áhrif ef Bjargráðasjóður verður áfram í styrkjaformi nema ef sjálfstæð ákvörðun verði tekin um að útvíkka hlutverk hans. Jákvæð áhrif til lengri tíma ef komið verður á fót skyldutryggingu því áföll mildast og meiri fyrirsjáanleiki verður í starfsemi bænda.	Bændur greiði eðlilegt iðgjald á móti verulega aukinni váttryggingavernd sem dregur úr sveiflum og óvæntum útgjöldum.	
Áhrif á stjórnvöld	Svo til óbreytt, þar sem ekki eru greiddir styrkir vegna tjóna sem hægt er að kaupa váttryggingar gegn.	Ræðst af því hvort valkostur 1 eða 2 í tillögunni eru valdir. Valkostur 1 um uppfærslu laga um Bjargráðasjóð þýðir aukin útgjöld ef ákveðið verður að útvíkka hlutverk sjóðsins. Valkostur 2 um skyldutryggingu með iðgjaldi útheimtir sérfræðimat á kostnaði.	Talsverð vinna og kostnaður á meðan á útfærslu og innleiðingu stendur, m.a. Vegna mögulegra niðurgreiðslna á endurtryggingum á meðan bótasjóður er byggður upp. Áhrifin eru jákvæð til lengri tíma, enda munu þau leiða til aukins fyrirsjáanleika og draga úr útgjöldum ríkissjóðs vegna óvæntra áfalla.
Váttryggingafélög og NTÍ	Verði ráðist í átak um bætta tryggingavernd bænda þurfa iðgjöld standa undir aukinni áhættu.	Átak í fræðslu um váttryggingar og áhætta bænda dreifist betur á váttryggingarfélög og NTÍ. Iðgjöld aukast á móti nýrri váttryggingavernd verði skyldutrygging valin.	Væntanlega yrði NTÍ falið að vinna að útfærslu á þessu fyrirkomulagi og eftir atvikum afla endurtrygginga á erlendum mörkuðum vegna áhættunnar.

3.2 Tillaga A - Lágmarksbreytingar



Núverandi fyrirkomulag er að nokkru leyti vannýtt, væntanlega vegna ófullnægjandi þekkingar á núverandi framboði á vátryggingum. Hægt er að bæta tryggingavernd bænda innan núverandi fyrirkomulags, en það krefst þess að upplýsingum verði komið með markvissum hætti á framfæri við bændur og vátryggingafélög. Því verði engar efnislegar breytingar gerðar á núverandi kerfi, en úrelt regluverk yrði uppfært og gert gagnsærra. Göt í tryggingavernd bænda verða áfram þau sömu og útgjöld svipuð og síðustu ár þegar áföll eru lítil. Áfram verður leitað til ríkisins um sérstakar fjárveitingar til Bjargráðsþjóðs þegar stærri áföll verða sbr. kal- og gírdingatjón veturinn 2019-2020¹ og sambærilegra aðgerða 2010 og 2011, vegna eldgosanna í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum. Einnig komu til slíkar fjárveitingar 2013 og 2016 vegna áfalla sem áttu sér stað þá. Sérstakar fjárveitingar til Bjargráðsþjóðs vegna óvæntra áfalla námu alls 936 milljónum króna árin 2009-2021 (á verðlagi hvers árs) eða á þeim 13 árum sem liðin eru eftir að sveitarfélögin hættu inngreiðslum. Á sama tímabili var almennt rekstrarframlag ríkisins til sjóðsins samtals um 120 milljónir króna, einnig á verðlagi hvers árs. Bolmagn sjóðsins er mjög lítið ef stærri áföll verða. Meðaltekjur síðustu fjögurra ára, án sérstakrar fjárveitingar á árinu 2020 eru 15 milljónir króna á ári sem samanstanda af almennu rekstrarframlagi (nú 8,3 milljónir króna) og fjármagnstekjum. Heildar- tekjur 2021 voru 11,8 milljónir króna.

3.2.1 | Verkefni

- Lög um Bjargráðsþjóð nr. 49/2009 verði tekin til endurskoðunar. Við lagabreytinguna 2009 hættu sveitarfélög að greiða framlag til sjóðsins og bótaréttur þeirra féll niður samhliða. Síðar var úrskurðað um ólögmati innheimtu búnaðargjalds og það lagt af með lögum frá ársbyrjun 2017. Við það var lögum um sjóðinn aftur breytt og tekjur af búnaðargjaldi hættu að renna í sjóðinn frá og með árinu 2017, þó að innheimta þess hluta gjaldsins sem í hann rann hefði ekki verið talin ólögmat sbr. dóm Hæstaréttar nr. 250/2016. Í kjölfarið var búnaðardeild sjóðsins lögð niður Löggin taka ekki mið af þeim breytingum og því er 8. gr. laganna t.d. víðtækari en framkvæmdin er í dag. Leggja þarf áherslu á að uppfæra úrelt ákvæði laganna, gera þau skýrari og aðlaga að starfsemi sjóðsins eins og hún er eftir að bæði sveitarfélög og bændur hættu að greiða til sjóðsins. Um leið yrði sett ný reglugerð um starfsemi sjóðsins, en sú sem nú er í gildi nr. 30/1998 var sett þegar starfsemi hans var allt önnur og umfangsmeiri. Hún er að miklu leyti úrelt og án lagastoðar vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á lögum um sjóðinn. Með þessum breytingum væri ekki horft til efnislegra breytinga á starfsemi Bjargráðsþjóðs.

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/11/27/Bjargradasjodi-tryggdar-500-milljonir-vegna-ovenju-mikilla-kal-og-girdingatjona/>

- Matvælaráðuneytið beiti sér fyrir samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands, Náttúruhamfaratryggingar Íslands, Bjargráðasjóðs og tryggingafélaga sem bjóða landbúnaðartryggingar á almennum markaði um fræðsluáttak sem beinist að bændum. Átakinu yrði ætlað að hvetja bændur til að fara yfir tryggingamál sín og skýra betur fyrir þeim það fyrirkomulag sem er í gildi s.s. gildissvið tryggingaverndar Náttúruhamfaratryggingar og forsendur fyrir henni (brunatrygging). Þá yrði farið yfir helstu atriði sem falla undir landbúnaðartryggingar á almennum markaði og þau tilvik þar sem Bjargráðasjóður veitir styrki.
- Beinn kostnaður hins opinbera við þessa tillögu yrði ekki verulegur og færi einkum eftir því hversu miklum fjármunum af þess hálfu yrði varið til fræðsluáttaks. Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að áætla umfang eða útgjöld þess þegar leitað er til ríkisins vegna sérstakra óvæntra áfalla sbr. fyrri dæmi þar um.

3.3 Tillaga B - Endurbætur á núverandi fyrirkomulagi



Þessi tillaga felur í sér lagt er til að valið sé á milli tveggja megininkosta í upphafi það er að horfa annað hvort til þess að endurskoða og endurbæta hlutverk Bjargráðasjóðs (valkostur 1) eða að horfa til sameiningar hans við NTÍ (valkostur 2).

Meginhugsunin er sú að núverandi kerfi verði endurbætt eins og kostur er innan núverandi ramma, það gert fyrirsjáanlegra, gagnsærra og styrkir skattlagðir með sama hætti og tryggingabætur. Samlegð og samspil við NTÍ verði skoðað sérstaklega. Ekki verða umfangsmiklar úrbætur frá núverandi fyrirkomulagi hvað varðar kostnað eða göt í tryggingavernd bænda. Áfram verður leitað til ríkisins um sérstakar fjárveitingar til Bjargráðasjóðs þegar stærri áföll verða sbr. kal- og girðingatjón veturinn 2019-2020² og sambærilegra aðgerða 2010 og 2011, vegna eldgosanna í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum. Einnig komu til slíkar fjárveitingar 2013 og 2016 vegna áfalla sem áttu sér stað þá. Sérstakar fjárveitingar til Bjargráðasjóðs vegna óvæntra áfalla námu alls 936 milljónum króna árin 2009-2021 (á verðlagi hvers árs) eða á þeim 13 árum sem liðin eru eftir að sveitarfélögin hættu inngreiðslum. Á sama tímabili var almennt rekstrarframlag ríkisins til sjóðsins samtals um 120 milljónir króna, einnig á verðlagi hvers árs. Sjá nánar í töflu í viðauka.

3.3.1 | Valkostur 1 – Frekari endurskoðun laga um Bjargráðasjóð

Endurskoðun fari fram á lögum um Bjargráðasjóð sbr. tillögu A, en til viðbótar gerðar efnisbreytingar til að auka fyrirsjáanleika, svo sem með því að skilgreina í lögum með tæmandi hætti hvaða tjón sjóðurinn bætir/styrkir með svipuðum hætti og gert er í 4. gr. laga um Nátt-

² <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/11/27/Bjargradasjodi-tryggdar-500-milljonir-vegna-ovenju-mikilla-kal-og-girdingatjona/>

úruhamfaratryggingu Íslands nr. 55/1992. Þá yrði lagt til að hafa ákvæði um eigin áhættu eins og er í 10. gr. sömu laga. Áherslan yrði á það hlutverk sjóðsins, að koma til móts við stór-áföll í landbúnaði sem aðrir bæta ekki. Í þessu sambandi er horft til fyrirmynda í Noregi þar sem veittir eru styrkir til að koma til móts við ákveðin skilgreind tjón. Fyrirsjáanleiki myndi aukast og dregið yrðu úr óvissu um bætur. Greiðslur úr Bjargráðasjóði yrðu áfram styrkir, svo umfang fjárhæða yrði í samræmi við það. Opinbert framlag til sjóðsins myndi ráðast af þeim verkefnum sem honum yrði ætlað að ná yfir. Yfirlit um styrkveitingar sjóðsins 2009-21 samkvæmt núverandi reglum má sjá í töflu í viðauka.

Eftir að rammi Bjargráðasjóðs hefur verið skýrt afmarkaður sbr. að ofan verði fjármögnun til verkefna hans tryggð með sama hætti og fjármögnun bótagreiðslna sem eru greiddar skv. VI. kafla laga um dýrasjúkdóma nr. 25/1993. Með því fyrirkomulagi þarf eins og áður sagði að vera afar skýrt skilgreint hvað fellur undir sjóðinn en honum væri um leið tryggður meiri fyrirsjáanleiki um ráðstöfunarfé sem geri honum kleift að greiða bætur fyrr til tjónþola en nú er hægt að gera. Útgjöld vegna óvæntra áfalla er eðlilega erfitt að áætla fyrirfram. Bótagreiðslur sem vísað er til að ofan hafa verið fjármagnaðar úr almennum varasjóði fjárlaga. Fjármagn sem kemur úr almennum varasjóði er alltaf háð sérstakri ákvörðun.

3.3.2 | Valkostur 2 – Mat á sameiningu við NTÍ

Ef ákveðið er í upphafi að horfa frekar til þess að fella sjóðinn inn í NTÍ verði kannaðir kostir þess og gallar að sameina Bjargráðasjóð Náttúruhamfaratryggingu Íslands eða gera hann að deild innan hennar með sambærilegri iðgjaldainnheimtu og kveðið er á um í 11. gr. laga um NTÍ. Með því yrði um skyldutryggingu að ræða og iðgjöld fyrir váttryggingarvernd myndu standa undir kostnaði af tjónabótum. Útfæra þarf sérstaklega í samráði við váttryggingafélög á markaði og samtök bænda hversu víðtæk sú trygging ætti að vera. Bætur myndu lúta sömu skattalegu meðferð og tryggingabætur sbr. ákvæði laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Verði þessi leið farin er hugsunin sú að iðgjöld standi undir bættri vernd Bjargráðasjóðs eða útvíkkuðu hlutverki NTÍ.

Lagt er til að fenginn verði ráðgjafi til að leggja mat á kostnað ef þessi valkostur verður valinn. Leggja þarf sérstakt mat á áhættu og kostnað ef komið verður á fót nýrri tryggingu. Það útheimtir eftir sem áður sérfræðikunnáttu og fjármuni sem starfshópurinn hefur ekki yfir að ráða.

3.3.3 | Almenn atriði

Fræðsluáttak yrði með sambærilegum hætti og tilgangi og í tillögu A. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um hvaða breytingar verða.

Beinn kostnaður hins opinbera við tillögu B ræðst varðandi valkost 1 af því hvort að ákveðið verði að útvíkka hlutverk sjóðsins. Varðandi valkost 2 þarf að fara fram sérfræði mat á því, en ætla má að í báðum tilvikum verði kostnaður meiri en við tillögu A en það ræðst mjög af því hversu víðtækt fyrirkomulagið ætti að vera.

3.4 Tillaga C - Nýtt fyrirkomulag



Nýtt kerfi verði þróað þar sem meginhugsunin er að koma til móts við víðtækari áföll/tjón í landbúnaði en nú gerist, en samt byggt á því grundvallaratriði að því sé ætlað að veita stuðning vegna stórálfalla sem önnur vernd nær ekki yfir. Slíkt kerfi yrði að vera endurtryggjanlegt með sambærilegum hætti og NTÍ og almenn tryggingafélög gera. Til að slíkt fyrirkomulag kæmist á er líklegt að hið opinbera myndi þurfa að greiða fyrir uppbyggingu bótasjóðs. Kæmi til þess myndi það þýða talsverða útgjaldaaukningu fyrir ríkið fyrstu árin, en á móti kemur að sértækar fjárveitingar til Bjargráðasjóðs vegna áfalla sbr. stórra kaltjóna eða annars sambærilegs eins og vísað er í köflum um tillögur A og B hér að framan, falla á móti niður. Svo sem fram kemur í skýrslunni hafa þær sérstöku fjárveitingar samtals numið um 936 milljónum króna á árunum 2009-2021 (sjá einnig í töflu í viðauka). Útgjöld á uppbyggingartíma færu þó alfarið eftir þeim áföllum sem yrðu á meðan á honum stendur. Framkvæmd þessarar tillögu myndi krefjast víðtæks samráðs við hagaðila og ætti mögulega að fjalla fyrst um hana í þeirri vinnu sem nú stendur yfir í matvælaráðuneytinu við stefnumótun á sviði matvælaframleiðslunnar þ.m.t. landbúnaðarins og starfsskilyrða hans. Tillaga að nýju fyrirkomulagi er tvíþætt og hægt er að innleiða annað hvort annan hluta þess eða báða.

3.4.1 | Hluti I – Ný áfallatrygging

Útfærð verði ný áfallatrygging í landbúnaði sem byggji á greiðslu iðgjalds. Rammi hennar verði þannig að landbúnaðarland, tengd mannvirki og búfé verði tryggt fyrir áföllum sem nú njóta ekki verndar með opinberum áfallatryggingum eða tryggingum á markaði. Móta þyrfti ramma hennar í samstarfi við hagaðila. Væntanlega þyrfti tryggingin að verða skyldu-trygging til þess að skila þeim ávinningi að ekki komi til þess að stór tjón falli utan trygginga líkt og nú getur gerst. Þessi áfallatrygging gæti mögulega verið í umsjón NTÍ. Eignir Bjargráðasjóðs (sem nú eru um 200 milljónir króna) yrðu nýttar sem grunnur að bótasjóði hinnar nýju tryggingar og hann lagður niður samhliða. Ætla má að bótasjóðurinn þurfi stuðning hins opinbera á meðan verið er að byggja hann upp með iðgjaldagreiðslum en eftir ákveðinn tíma verður hann að verða sjálfbær.

- Áfallatrygging sem þessi þarf að vera endurtryggjanleg á erlendum mörkuðum. Hluti bótasjóðsins færi í að kaupa slíkar endurtryggingar sem ætlað væri að standa straum af stærri tjónsatburðum til að tryggja að sjóðurinn verði ekki fyrir verulegum útgjöldum í stökum atburðum. Kostnað við slíkt þarf að meta af sérfróðum aðilum sbr. niðurlag kaflans.
- Ræktarland í landbúnaði og tengd mannvirki verði tryggt fyrir þeim hamförum sem tiltekna eru í lögum um náttúruhamfaratryggingar, að viðbættum gróðureldum. Til ræktarlands teljist nytjaskógar, skurðir og girðingar. Þannig yrði tryggingavernd á verðmætum sem ekki er unnt að brunatryggja skv. lögum um NTÍ.



- Tjón á búfé vegna ákveðinna búfjárfjársljúkdóma verði felld inn í trygginguna. Horfa mætti þar til tilkynninga- og skráningaskyldra dýrasjúkdóma skv. reglugerð nr. 52/2014.
- Eigin áhætta yrði talsverð þar sem tryggingunni er sem fyrr ætlað að bæta stóraföll sem ekki fást bætt með öðrum hætti. Bótaskylda í öllum tilvikum yrði háð því að eðli-
legar varnir hafi verið viðhafðar.
- Tjón vegna dýrasjúkdóma þar sem kemur til fyrirskipaðs niðurskurðar skv. ákvörðun ráðherra eftir ákvæðum laga um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 sbr. það sem fram kemur hér að ofan, þyrfti að meðhöndla með öðrum hætti, eða skoða sérstaklega eigi það að falla undir trygginguna. Breytingar á núverandi fyrirkomulagi útheimta talsverðar breytingar á framangreindum lögum, en fyrir liggur að þau þarfnast endurskoðunar, sérstaklega skýrari ramma um þær greiðslur sem greiddar eru í kjölfar niðurskurðar.

3.4.2 | Hluti II - Uppskerutrygging

Möguleikar verði skoðaðir á uppskerutryggingu. Tryggingin gæti byggt á iðgjöldum eins og sú fyrri, en hugsunin er ekki sú að um skyldutryggingu verði að ræða. Tryggingunni væri ætlað að hvetja til aukinnar framleiðslu á útiræktuðu grænmeti, korni og einnig væri hægt að endurbæta öryggisnet vegna uppskerubrests í grasrækt svo sem af völdum kals eða þurrka og kæmi þar í stað núverandi styrkja Bjargráðasjóðs vegna slíkra atburða. Vísað er til töflu í viðauka um umfang þeirra. Aðkoma ríkisins er að öllum líkindum forsenda þess að þetta geti gengið upp, líkt og reyndin er í Bandaríkjunum³ ásamt bættri skráningu á uppskeru. Almenn uppskeruskráning í skýrsluhaldskerfið Jörð er forsenda þess að fyrirkomulagið geti gengið til að viðmiðunargögn verði til um uppskeru eftir svæðum á öllu landinu.

Hugsanleg útfærsla:

- Verði uppskera undir skilgreindu hlutfalli af viðmiðunarsvæði virkjast hún. Iðgjöld taki mið af verðmæti áætlaðrar uppskeru. Hér að neðan eru tvö dæmi um hugsanlega útfærslu. Ekki ber að túlka þau sem tillögu að henni.

3 Í BNA er tryggingin seld af einkaaðilum en ríkið niðurgreiðir iðgjöldin um u.þ.b. 2/3

- Dæmi 1: Miðað við 30% eigin áhættu: Kornuppskera er að meðaltali 3,5 tonn þurrefnis á hektara á tilteknu viðmiðunarsvæði síðustu 3 ár. Vegna veðurfarsaðstæðna spillist uppskera og verður aðeins 1 tonn þurrefnis á hektara. Bótagrunnur er því meðal- uppskera af frádreginni eigin áhættu og raunuppskeru. Í þessu dæmi, $3,5 - 1,05 = 1$. Útkoman er þá 1,45 tonn þurrefnis á hektara. Miðað við áætlað gangverð á korni væru tjónabætur í þessu dæmi $60 \text{ kr/kg} * 1450 \text{ kg} = 87.000 \text{ kr. á hektara}$.
- Dæmi 2: Miðað við 30% eigin áhættu: Tún kelur illa að vetri og er metið sem 80% kalið. Til að þetta tún skili uppskeru þarf að leggja út kostnað við endurræktun. Tryggingin bæti þennan endurræktunarkostnað í hlutfalli við eigin áhættu. Hægt er að miða við reiknaðan endurræktarkostnað frá sérfróðum aðila, t.d. frá Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarins. Sé endurræktunarkostnaður 100.000 kr. á hektara væri bótagrunnurinn $(80\% - 30\%) * 100.000 \text{ kr. á hektara} = 50.000 \text{ kr. á hektara}$.
- Tjón af völdum skilgreindra plöntusjúkdóma verði bætt. Afmarka þarf þann lista með hliðsjón af lögum nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum og reglugerð 189/1990 um innflutning- og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

3.4.3 | Almenn atriði

Bótaskylda verði háð því að öllum eðlilegum vörnum hafi verið beitt og talsverð eigin áhætta eins og fyrr er nefnt. Meginatriðið er alltaf að tryggingin nái til stóráfalla sem ekki fást bætt með öðrum hætti.

Gert er ráð fyrir fræðsluverkefni eins og í tillögum A og B, en í þessari sviðsmynd er langmestrar vinnu þörf við útfærsluna sem mun taka tíma.


Beinn kostnaður hins opinbera við þessa tillögu er talsvert meiri en við tillögur A og B á þeim tíma sem verið er að byggja upp bótasjóð, en fyrirkomulaginu er ætlað að verða sjálfbært til lengri tíma litið. En eins og í tillögu B færi kostnaður mjög eftir því hversu víðtækt nýju fyrirkomulagi yrði ætlað að vera og þeim áföllum sem yrðu á uppbyggingartímanum. Lagt er til að fenginn verði ráðgjafi til að leggja mat á það samhliða ef þessi leið verður farin. Leggja þarf sérstakt tryggingafræðilegt mat á áhættu og kostnað. Það útheimtir sérfræðikunnáttu og fjármuni sem starfshópurinn hafði ekki yfir að ráða.

4. Viðauki I – Umfang Bjargráðasjóðs

4.1 Tekjur og styrkveitingar Bjargráðasjóðs 2009-2021.



Fjárhæðir í milljónum króna á verðlagi hvers árs.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	M. kr.
